



Dalvíkurbyggð
Ráðhúsi
620 Dalvík

Dagsetning **22. janúar 2025**
Málsnúmer **MAR25010134**

Efni: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2024/2025

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 817/2024, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiaríð 2024/2025 og almanaksárið 2025, hefur atvinnumálaráðherra allt að 3.807 þorskígildistonn af botnfiski til ráðstöfunar til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 818/2024, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2024/2025.

Viðkomandi sveitarstjórn er hér með tilkynnt á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 818/2024 hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags innan sveitarfélagsins sem rétt getur átt á úthlutuðum byggðakvóta.

Í töflunni hér að neðan má sjá úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga innan sveitarfélagsins á fiskveiðiarinu 2024/2025 og eftirstöðvar af úthlutun fyrra árs sem kemur til ráðstöfunar á yfirstandandi fiskveiðiarí:

Sveitarfélag	Byggðarlag	Úthlutun 2024/2025 (t)	Eftirstöðvar af úthlutun 2023/2024 (t)	Samtals til ráðstöfunar 2024/2025 (t)
Dalvíkurbyggð	Árskógssandur	58	26,339	84,339
	Dalvík	21	6,468	27,468
	Hauganes	15	15,000	30,000

Þess er óskað að sveitarstjórnir sem ekki hafa fyrirhugað að senda ráðuneytinu tillögur að sérreglum sendi ráðuneytinu staðfestingu um slíkt þannig að ráðuneytið geti beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta til umsóknar í byggðarlagi/byggðarlögum innan viðkomandi sveitarfélags án tafar.

Í þeim tilvikum þar sem þess er óskað að leggja fram tillögur að sérreglum er sveitarstjórn gefinn kostur á að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur til 21. febrúar n.k. Tillögur sveitarstjórna um sérstök skilyrði sem berast verða síðan til kynningar á vef ráðuneytisins í 7 daga áður en þær verða teknar til efnislegrar meðferðar.

Bent skal á að til hagræðingar fyrir sveitarstjórnir þá hefur ráðuneytið tekið saman leiðbeiningar og form til útfyllingar sem mælst er með að notað verði vegna tillögu um sérreglur og vegna rökstuðning fylgir sem viðhengi.

F.h. ráðherra


Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir


Jón Þrándur Stefánsson